

staddur að boðinu, er vitnisburður náttúrunnar sjálftrar, og þeirra bræðra vorra, er uppi voru um ármorgun sögunnar. Og „sá vitnisburður er sannur“, því móðir vor jörð hefir aldrei gabbað oss með einu orði, er hún hefir til vor talað, höfum vér skilið það rétt. Hæð og hóll, fjöll og dalir eru fámálug, en það sem þau mæla, þá eru það völdug orð. Því orðin sem hjá þeim eru geymd, eru skrifuð með fingri hins lifanda guðs.

Að ritningin skuli vera færð utar gremst mörgum. Ekki svo mjög vegna ritningarinnar eins og vegna þess að þeir skuli sjálfir óafvitandi hafa farið vilt. Að sá sem þeir sýndu lotninguna og klæddur var fíranlega skráðanum, glitskrautinu og guðsvefjarslæðunum, var fífið, en ekki konungurinn.



Haust eða hœkkandi skuggar.

Sumardeginum er farið að halla. Vér finnum öll til þess. Björtu kveldin öll á þessu ári eru þegar runnin í haf niður og í þeirra stað komnir næturskuggar og stjörnuljós, eða þá „aldinn og svaðaleg nótt.“ Andvarinn blæþýði og ylhlýi, sem þerraði burt svitann eftir sumardaginn langa, er þegar horfinn. Í stað hans kominn andkaldur þytur, er ýmist gnauðar við gluggann, eða blæs á stráin—þessi sárfáu brökuðu strá, sem mannlíf og dýra hafa ekki troðið hér niður í moldina.

Það er haust—maður sér það á fleiru en þessu. Menn mætast á götunni og stanza í svip til að heilsast. Þeir eru að ganga heim að loknu erviði. En sólarglampinn deyr þeim fljótt í auga. Þeir hafa ekki mælst við mörg orð—og það er komið sólsetur, farið að skyggja, farið að halla kveldi og þeir verða að hraða ferð heim. Vindurinn feykir upp roki á götunni. Fætur þeirra hraða göngunni til húsa. Það er haust. Sumar-erviðið hefir líka margan snert. Preytan starir þeim úr ásjónu,